



Sveitarfélagið Ölfus
Hafnarbergi 1
815 Þorlákshöfn

Reglugerð vegna kjörs á íþróttamanni ársins í Sveitarfélaginu Ölfusi.

1. Íþrótt- og tómstundanefnd skal í umboði Sveitarfélagsins Ölfuss standa að kjöri og útnefningu á Íþróttamanni Sveitarfélagsins Ölfuss í janúar ár hvert.
2. Hlutgengir eru allir íþróttamaður sem eiga lögheimili í Sveitarfélaginu Ölfusi eða eru keppendur í félögum í Sveitarfélaginu Ölfusi.
3. Íþrótt- og tómstundanefnd velur Íþróttamann ársins úr þeim tilnefningum sem borist hafa.
4. Íþróttafélög í Sveitarfélaginu Ölfusi tilnefna íþróttamenn til kjörsins einn eða fleiri fyrir hverja grein sem hjá þeim er stunduð fyrir 15. desember ár hvert. Tilnefningum ásamt greinargerð skal skilað til Íþrótt- og tómstundafulltrúa.
5. Íþrótt- og tómstundafulltrúi hefur heimild til að tilnefna til kjörsins einn eða fleiri íþróttamann/-menn með lögheimili í Sveitarfélaginu Ölfusi eða eru keppendur í félögum í Sveitarfélaginu Ölfusi sem stunda íþrótt sína utan bæjarmarkanna. Allar tillögur skulu rökstuddar.
6. Tilnefndir íþróttamenn skulu vera 16 ára á árinu eða eldri.
7. Íþróttamaður ársins í Sveitarfélaginu Ölfusi hlýtur við útnefningu farandbikar sem skal vera í vörslu íþróttamannsins í eitt ár. Íþróttamanni ársins er jafnframt veitt viðurkenning til eignar.
8. Allir tilnefndir íþróttamenn hljóta sérstaka viðurkenningu Sveitarfélagsins Ölfuss.
9. Viðurkenningar eru einnig veittar til íþróttamanna fyrir landsliðssæti (unglinga-, karla- eða kvenna) Íslandsmeistararitla og bikarmeistararitla.
10. Viðurkenningu fyrir sámdarheitið Íþróttamaður Ölfuss skal afhent í árlegu hófi bæjarstjórnar og íþrótt- og tómstundanefndar Sveitarfélagsins Ölfuss.

Reglur þessar voru samþykktar af íþrótt- og tómstundanefnd þann 24. janúar 2024 og staðfestar af bæjarstjórn þann 29. febrúar 2024 og miðast gildistakan við þann dag sem bæjarstjórn staðfesti reglurnar.